

23. ágúst 2019, Reykjanesbær

Fræðsluráð

Fræðslustjóri Helgi Arnarson

Efni: Fjölgun nemenda í Akurskóla og úrræði haustið 2020

Í sumar og haust hefur nemendum Akurskóla í 6. – 10. bekk fjölgað mikið. Fjölskyldur sem flytjast í Dalshverfi ofan Urðabrautar eiga oft fleiri en eitt barn og oft eru eitt til tvö börn að koma í þessa árganga hér í Akurskóla þar sem Stapaskóli þjónar eingöngu 1. – 5. bekk núna.

6. bekkur (68)

Nú er svo komið að allir árgangar í 6. – 10. bekk í Akurskóla eru komnir yfir 50 nemendur, einn í hátt í 60 og einn í næstum 70 nemendur.

7. bekkur (55)

8. bekkur (52)

9. bekkur (50)

Akurskóli er byggður sem tveggja hliðstæðna skóli og því ljóst að ekki er hægt að þjónusta stærri árganga en 45-50 nemendur í skólanum án þess að fara í meiriháttar breytingar á skólahúsnæðinu. Ef fram heldur sem horfir þyrfti að stúka allar stofur af í norðurenda skólans og flytja unglíngadeildina þangað eða setja fleiri lausar kennslustofur á lóðina.

Til að koma í veg fyrir þennan kostnað fyrir Reykjanesbæ í breytingar sem nýtast aðeins í stuttan tíma óskum við í Akurskóla eftir því að haustið 2020 verði allir nemendur ofan Urðabrautar fluttir í Stapaskóla. Það myndi þýða að við gætum sinnt þeim nemendum sem búa í okkar skólahverfi án breytinga á skólanum og aukins kostnaðar fyrir bæinn.

Virðingarfyllt



Sigurbjörg Róbertsdóttir

skólastjóri Akurskóla